

Fundur skólanefndar Framhaldsskólans í Mosfellsbæ

Haldinn í FMOS miðvikudaginn 6. ágúst 2025 kl. 17:15.

Mættar eru: Sigríður Johnsen, Kolbrún Reinholdsdóttir, Halla Karen Kristjánsdóttir, Guðrún Guðjónsdóttir skólameistari og Bergþóra Arnórsdóttir aðstoðarskólameistari.

Forföll: Sigmar Vilhjálmsson, Anna Sigríður Guðnadóttir

Dagskrá:

1. Umsókn til MMS um að ráða leiðbeinendur
2. Önnur mál

Umsóknir um undanþágu

Óskað er eftir samþykki skólanefndar til að ráða leiðbeinanda í starf stærðfræðikennara, Ragnheiði Guðbrandsdóttur. Auglýst var eftir stærðfræðikennara í sumar vegna þess að einn kennari óskaði eftir ársleyfi. Fjórar umsóknir bárust og tveir umsækjendur sem ekki hafa kennsluréttindi féllu best að þeirri nálgun og hugmyndafræði sem unnið er eftir í skólanum ásamt því að hafa góða fagþekkingu. Umræður um undanþágubeiðni.

Sótt er um undanþágu fyrir Ragnheiði Guðbrandsdóttur, hún hefur lokið BS og MS prófi í efnafræði og doktorsprófi í eðlisefnafræði, hefur kennslureynslu sem leiðbeinandi og er að hefja kennsluréttindanám.

Skólanefnd treystir því að fagleg þekking skólastjórnenda liggi til grundvallar. Í ljósi framkominnar kynningar styður skólanefnd niðurstöðuna heilshugar.

Auk þess þarf að sækja um undanþágu fyrir Gunnar Örlygur Gunnarsson leiðbeinanda sem ráðinn var til starfa á seinasta skólaári á sérnámsbraut en vegna mistaka þá láðist að sækja um undanþágu fyrir hann.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:05

Fundargerð ritaði Bergþóra Arnórsdóttir

Fundur skólanefndar FMOS 15. janúar 2026

Mætt eru: Berglind Robertson Grétarsdóttir, Helgi Pálsson, Ólafur Ingi Óskarsson, Sigríður Johnsen, Ágúst Frímann Jakobsson (varamaður í stað Ólafar Kristínar Sivertsen). Auk þess sátu fundinn Kristján Arnar Ingason skólameistari og Bergþóra Arnórsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kosning formanns
2. Ákvörðun um fundartíma
3. Kynning á skólanum
4. Önnur mál

Í upphafi fundar gengu fundamenn um skólann og skoðuðu aðstöðuna.

Kosning formanns

Lagt er til að Sigríður Johnsen taki að sér að vera formaður. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

Rætt um greiðslur vegna setu í skólanefnd en fram að þessu hefur ekki verið greitt fyrir setu í skólanefnd. Skólameistara falið að kanna hvaða ástæður fyrir því og gera breytingar þannig að greitt verði fyrir fundarsetu.

Ákvörðun um fundartíma

Fundarmenn sammála um að hentugur fundatími sé á mánudögum kl. 16:30.

Kynning á skólanum

Kristján skólameistari kynnir skólastarfið, fer meðal annars yfir nemendafjölda, námsbrautir og fjárhagsstöðu. Einnig kynnir hann hugmyndir um ímyndarsköpun sem miða að því að fjölga nemendum.

Önnur mál

Nýr skólameistari sem hóf störf 1. desember 2025 er boðinn velkominn til starfa.

Fundi slitið kl. 17:45